

Sp. 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]
um að leggja niður starfsemi Skipaútgæðar ríkisins.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að leggja megi niður starfsemi Skipaútgæðar ríkisins.

Greinargerð.

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.